



## 8. stjórnarfundur LH

Haldinn í Laugardal 10. apríl 2015 og hófst hann kl. 16:00

Fundinn sátu:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eyþór Jón Gíslason, Jóna Dís Bragadóttir, Helga B. Helgadóttir í fjarveru Stellu Björg Kristinsdóttur, Ólafur Þórisson, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson, aðalstjórn S. Rúnar Bragason, varastjórn.

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð lögð fram til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

#### 2. Staðan með Herning

Andrea og Rúnar fóru yfir stöðu heimsmeistaramóts. Undirbúningur gengur vel þó enn sé unnið að fjáröflun. Hugmynd kom fram að fá fund með Íslandsstofu og eins væri gott að fá fund með Illuga Gunnarssyni Mennta- og menningarmálaráðherra.

#### 3. Equitana

Rúnar fór yfir hvernig sýningin gekk og kom það fram að menn voru heilt yfir ánægðir með hvernig til tókst. Er það álit fundarmanna að íslenski hesturinn eigi fullt erindi á þessa sýningu.

#### 4. Þeir allra sterkustu og landsliðið

Haukur og Jóna Dís fóru yfir söðu landsliðsins. Kom það fram að mikil ánægja er með hvernig til tókst með viðburðinn „Allra sterkustu“. Stóðhestaveltan þar sem gestum bauðst að kaupa umslag á 25.þús. heppnaðist mjög vel og gestir almennt til í að styrkja landsliðið. Vildu þau þakka öllum sjálfboðaliðum sem komu að viðburðinum fyrir vel unnin störf, bæði eigendum stóðhesta sem gáfu tolla ásamt starfsmönnum sem komu að viðburðinum.



## 5. Bréf frá keppnisnefnd varðandi val á knöpum ársins ofl.

Bréf frá keppnisnefnd var lagt fyrir fundinn. Stella fór yfir málin og gerði grein fyrir vinnuaðferðum nefndarinnar. Stjórn LH mun óska eftir fundi með keppnisnefnd og síðustu valnefnd og fara yfir málin. Í frammhaldi verði farið yfir þær vinnureglur sem miðað hefur verið við og þær endurbætta.

## 6. Fjármálin

Ólafur sagði að það væri verið að klára uppgjör ársins 2014. Samþykkt að gengið verði til samninga við Berglindi Ragnarsdóttir um bókhald Landsambands hestamanna og Landsmóts ehf.

## 7. Staða á Landsmóti

Unnið er að samningi við Hestamannafélagið Fák vegna Landsmóts 2018. Þegar því er lokið verður hugað að auglýsingu vegna Landsmóts 2020.

## 8. Ráðstefna vegna Landsmóta

Jóna Dís hefur verið í sambandi við Viðar Halldórsson og verður ráðstefnan haldin 25. apríl næstkomandi. Búið er að senda upplýsingar á alla formenn hestamannafélaga á landinu og eru félög með undir 500 félagar beðin um að senda 2 fulltrúa og félög með yfir 500 félagar beðin um að senda 3 fulltrúa. Unnið verður í hópum á landsmótsráðstefnununi og lýkur skráningu mánudaginn 20. apríl.

## 9. Sameiginlegt markaðsátak

Unnið með Íslandsstofu að stefnumótun í markaðsvinnu íslenska hestsins. Íslandsstofa hefur fundað með hagsmunaaðilum íslenska hestsins. Fundur verður haldinn um þessi mál í Borgarnesi fljótlega og vonast er til að góð þátttaka náist á fundinn.

## 10. Starfsmannamál

Álag á skrifstofu Landsambandsins er að aukast mikið þessa dagana og huga þarf að sumarafleysingarmanni á skrifstofu LH. Formanni er falið að ganga frá málinu.



## 11. Önnur mál

Helga og Hrönn hafa lokið vinnu við samantekt á samþykktum sem komu frá Landsþinginu. Skrifstofa þarf sem fyrst að senda þær tillögur sem samþykktar voru á þinginu til nefndarformanna eins og við á

Æskulýðsnefnd LH hélt fund í vikunni og kom þar fram hugmynd um að haldin verði æskulýðsráðstefna haustið 2015. Stjórn Landsambandsins samþykkir æskulýðsráðstefnu LH í haust.

Bréf frá æskulýðsnefnd var lagt fram til kynningar þar sem óskað er eftir að fengin verði fulltrúi til að senda með ungmennum sem Ísland sendir á Heimsmeistara og Norðurlanda mót. Æskulýðsnefndin leggur til að hún tilnefni aðila til að fara með þetta hlutverk hverju sinni, í samráði við Landsliðsnefnd.

Hestadagar voru haldnir og voru fundarmenn almennt á því að virkja þarf frekar hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu til viðburðarins ásamt Reykjavíkurborg.

Þróunarsjóðurinn hefur úthlutaði 1 mkr. í sameiginlegt verkefni LH, FHB og FT til að kanna og meta möguleika, kosti og galla á auknu samstarfi eða sameiningu félaganna. Fundurinn veitir formanni Landsambandsins umboð til að ráða mann til verksins í samstarfi við forsvarsmenn FHB og FT.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 18:45.